



LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

4. árg. 1995 2. tbl.

Skriðull víðir í Arnarfirði

Á ferð um landið

Meðhöndlun á lifandi jólatrjám



HEIMAN ARBEIÐSGIÐUR 81

ÞIÐ LJÁUM ÞÉR VÆNGI

Heimurinn bíður þín bandan bafsins.

*Heillandi stórborgir, náttúrufegurð,
saga, heimsmenning, listasöfn og afþreying.*

Ævintýrið hefst þegar þú stígur um borð

í þotu Flugleiða.

FLUGLEIDIR
Traustur íslenskur ferðafélagi





Gísli Eiríksson, umdæmisverkfræðingur Vegagerðarinnar og ritari Skógræktarfélags Ísfríðinga, í könnunarferð á lúpínuslóð hátt í Óshlíð. Mynd: J.G.P. (S. Í.).

Lúpínu sáð í Óshlíð

Vegurinn um Óshlíð, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar, er annálaður fyrir grjóthrun og skriðuföll. Búið er að byggja vegskála og setja upp net til að reyna að verja umferð um veginn. Slíkar framkvæmdir hafa hins vegar engin fyrirbyggjandi áhrif uppi í fjallinu.

Til að reyna að binda lausagrjót og skriður uppi í hlíðinni hefur Vegagerðin gert tilraun með að sá alaskalúpínu í Óshlíðina. Laufblöðungur slóst í för með vegagerðarmönnum í sumar til að skoða árangur sáninganna. Hafði árangur orðið töluverður og

talsverður fjöldi lúpínuplantna komið upp, eins og sést á meðfylgjandi mynd. Plönturnar eru hins vegar enn svo smáar svo að ekki er hægt að fjölyrða neitt um framhaldið. Allar líkur benda þó til að henni takist að nema land í hlíðinni.

Verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig lúpínunni tekst að spjara sig við þessar hrikalegu aðstæður. Til mikils er að vinna við að fá einhvern gróður til að vaxa, sem getur bundið lausustu skriðurnar. Ef einhver planta getur það, þá er það alaskalúpína.

Skógarhöggsnámskeið

Skógrækt ríkisins mun bjóða skógræktarfélagum og öðrum sem áhuga kynnu að hafa upp á námskeið í skógarhöggstækni eftir áramótin. Í fyrravetur var sett saman ítarlegt námsefni um grisjun með vélsög-

um og meðferð og viðgerðir á þeim. Í framhaldi af því voru haldin tvö skógarhöggsnámskeið, annað í Skorradal fyrir starfsmenn Skógræktar ríkisins og hitt hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í Heiðmörk. Námskeiðin tókust í alla staði vel.

Leiðbeinendur voru Böðvar Guðmundsson, skógarvörður á Suðurlandi, og Skúli Björnsson, verkstjóri hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað.

LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.
4. árgangur, 2. tölublað, desember 1995.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.
Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.
Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Forsíðumynd:
Myndin er tekin í Óskjuhlíð.
Mynd: J.G.P. (S. Í.).

Útlit, umbrot, litgreiningar
og filmuvinnsla: PRENTHÖNNUN HF
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Gefið út í 7500 eintökum.



Norræna eldfjallastöðin
Nordisk Vulkanologisk Institut
Pohjoismainen Vulkanologinen Instituutti



Þátttakendur á skógarhöggsnámskeiði í Heiðmörk vinna við viðgerðir á vélsögum. Mynd: Ó.O. (S.r.).

GÆÐAMOLD Í GARÐINN

Grjóthreinsuð mold, blönduð áburði, skeljakalki og sandi.
Þú sækir eða við sendum.
Afgreiðsla á gömlu sorphaugunum í Gufunesi.

GÆÐAMOLD



MOLDARBLANDAN – GÆÐAMOLD HF.
Pöntunarsími 567 4988


Jólatréssala Landgræðslusjóðs

Aðalútsölustaður og
birgðastöð að Suðurhlíð 38.

Símar 554 0300 & 554 4081
Fax 554 4080

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Íslenski jólatrjáamarkaðurinn



Rauðgrenijólatré í Brynjudal í Hvalfirði. Mynd: J.G.P (S.Í).

Fjöldi íslenskra jólatrjáa virðist ætla að verða svipaður fyrir þessi jól og undanfarin ár eða um tæp 10.000 tré.

Tegundasamsetningin hefur lítið breyst, langmest er fellt af rauðgreni (60%), nokkuð af stafafuru (15%) og blágreni (10%). Blágrenið er nánast eingöngu fellt á Norður- og Austurlandi en í þessum landshlutum hefur myndast hefð fyrir blágreni sem jólatré. Allt of lítið, aðeins um 200-300 tré, er fellt af fjallaþin, sem er sambærilegur við innfluttan nordmannspín hvað varðar barrheldni. Þess má þó geta að stafafura heldur bæði lit og barri lengur en allar tegundir þins og grenis. Það hefur samt sem áður gengið hægt að koma Íslendingum upp á lagið með að velja furu sem jólatré enda skipta hefðir og venjur miklu máli og „danska grenihefðin“ er ríkjandi hér á landi. Þess má til gamans geta að vestan hafs eru furujólatré mjög vinsæl og þeir sem kaupa furu hér á landi hafa margir kynnst þeirri hefð í Bandaríkjunum.

Skógrækt ríkisins er langstærsti framleiðandi á íslenskum jólatrjám og er með um 70-80% markaðarins og er mest höggvið í Skorradal. Allnokkur skógræktarfélag eru með jólatrjáatekju og afla sér tekna með því. Bæði Skf. Eyfirðinga og Skf. Reykjavíkur eru með smásölu á íslenskum jólatrjám í gróðrarstöðvum sínum. Eyfirðingar eru með mjög öfluga sölu og sjá Akureyringum að mestu fyrir jólatrjám. Skf. Reykjavíkur selur eingöngu íslensk jólatré í gróðrarstöð sinni í Fossvoginum. Stærsti smásöluaðili íslenskra jólatrjáa er Landgræðslusjóður. Sjóðurinn hefur aðsetur í Fossvoginum vestan Kringlumýrarbrautar og hefur selt jólatré um áratuga skeið til fjárflyunar íslenskrar skógrækt.

Meðhöndlun lifandi jólatrjáa



Núna þegar líður að jólum er ekki úr vegi að rifja upp hvernig best er að meðhöndla lifandi jólatré. Þessar leiðbeiningar eiga jafnt við um innflutt sem innlend jólatré.

Nauðsynlegt er að jólatrén fái rétta meðhöndlun. Þegar við fáum afskorin blóm er það okkar fyrsta verk að setja þau í vatn. Allir vita að blóm á borð við rósir og nellikur eru fljót að sölna ef þeim er ekki tryggt nægt vatn. Einnig eru til ýmis húsráð til að þau standi lengur svo sem að bæta ediki eða sykri í vatnið og sjóða stilkinn. Sömu lög má gilda fyrir lifandi jólatré. Þeim má

líkja við afskorin blóm sem þurfa umhirðu og alúð til að standa sem lengst. Til að tryggja það að jólatréð standi vel yfir jólin mælum við með eftirfarandi atriðum:

- Eftir að tréð hefur verið keypt þarf að geyma það í netinu uppistandandi á skjóljóðum stað. Köld geymsla eða bílskúr er einnig heppilegur geymslustaður. Gott er að hafa trjástofninn í vatni meðan á geymslu stendur.
- Þegar tréð er tekið inn er gott að rennbleyta það, t.d. með því að setja það í baðker yfir nótt.

- Söguð er þunn sneið, u.þ.b. 2-3 cm, neðan af stofni trésins áður en það er sett í jólatrésfóttinn. Þannig opnum við leiðina fyrir vökvastreymið upp tréð. Eitt húsráð sem reynst hefur mörgum vel er að stinga stofni trésins í sjóðandi vatn og láta það standa þar, þar til vatnið er kólnað. Ef þessi aðferð er viðhöfð verður, auk þess að saga af sneið, að fletta berkinum af neðstu 5-10 cm á stofninum.
- Nauðsynlegt er að nota jólatrésfót sem tekur vatn. Bæta þarf reglulega á vatni og tryggja að það þverri aldrei.

Að lokum viljum við benda lesendum á að með því að kaupa íslenskt jólatré er verið að styrkja íslenska skógrækt og um leið atvinnu í landinu. Fyrir hvert selt jólatré gróðursetjum við 30 ný í staðinn.

Markaðs- könnun á jólatrjám



Skógrækt ríkisins gaf nýlega út skýrslu um markaðskönnun á jólatrjám en hún var gerð dagana 28.-29. desember 1994.

Höfundur skýrslunnar er Hrefna Hjálmarasdóttir markaðsfræðinemi.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru eftirfarandi:

Reykjavík:	31 % kaupa innflutt tré
	15% kaupa íslenskt tré
	34% nota gervijólatré
	18% nota ekki jólatré
Akureyri:	17% kaupa innflutt tré
	34% kaupa íslenskt tré
	38% nota gervijólatré
	11 % nota ekki jólatré

Það kemur fáum á óvart að hlutur íslenskra jólatrjáa er lítill. Aftur á móti kemur það meira á óvart hve margir nota gervijólatré og einnig hve hlutur þeirra sem ekki nota tré er stór.

Margt annað er hægt að lesa úr fjölda línu- og kökurita sem birtar eru í skýrslunni. Þar má nefna helst að val á hinum ýmsu tegundum jólatrjáa mótast fyrst og fremst af huglægu mati á því hvort tréð sé fallett og skiptir þá litlu máli hvaða tegund er um að ræða. Einnig virðist það skipta stóran hóp miklu máli að tréð sem þeir kaupa sé barrheldið og eru það án efa áhrif frá margra ára auglýsingaherferð innflytjenda nordmannspins. Stuðningur við íslenska vöru og íslenska skógrækt hefur líka sitt að segja hjá þeim sem kaupa íslenskt jólatré en kannski í minna mæli en haldið hefur verið fram til þessa. Það er mjög athyglisvert að sjá að þeir sem ekki kaupa íslensk tré gætu að stórum hluta hugsað sér að gera það en um 85% þeirra eru þeirrar skoðunar.

Þess misskilnings gætir hjá nokkrum svarenda, ekki mörgum að vísu, að þeir verndi íslenska skóga með því að kaupa annaðhvort erlend tré eða kaupa ekki tré. Það er því ljóst að einhverjir gera sér ekki grein fyrir því að tilgangurinn með fram-



Íslenska rauðgrenið komið í hátíðarbúning. Mynd: B.J. (S.Í.).

leiðslu og sölu jólatrjáa er að afla fjár til að auka og efla íslenska skógrækt og skógvörnd.

Akkillesarhællinn í markaðssetningu á íslenskum jólatrjám er eins og höfundur bendir réttilega á að framleiðsla jólatrjáa og þar af leiðandi framboðið er allt of lítið. Það verður að auka gróðursetningu jólatrjáa frá því sem nú er. Ef miðað er við að fimmta hvert tré í jólatrjáateig nýtist sem jólatré þarf að gróðursetja um 200.000 plöntur árlega í jólatrjáaspildur til að hafa nægjanlegt framboð af góðum trjám. Horfurnar á næstu árum eru alls ekki bjartar þar sem síðustu

stóru rauðgrenigróðursetningarnar eru að verða of hávaxnar til að gefa af sér meira af trjám. Eina ráðið til að sporna við algjöru hruni á framboði og sölu íslenskra jólatrjáa er að gera átak í umhirðu á þeim barrtrjáateigum sem geta gefið af sér söluhæf tré. Allir þeir sem standa í skógrækt hér á landi ættu að huga að því hvort ekki leynist vænleg jólatré í skógræktarreitum. Þetta á ekki síst við skógræktarfélagin en það hefur sýnt sig hjá þeim félögum sem standa fyrir sölu jólatrjáa að þau geta oftast reitt sig á stuðning heimamanna sem finnst eftirsóknarvert að fá jólatré úr „eigin“ skógi.



Lerkikönglar á trjám í Akurgerði í Öxarfirði. Mynd: J.G.P. (S.Í.).

Fræár lerkis í Hallormsstaðaskógi



Fræ er undirstaða skóg-ræktar, en oft hefur reynst erfitt að komast yfir fræ af heppilegum uppruna. Oft verðum við að sætta okkur við að nota lakari eða óþekkt kvæmi ýmissa tegunda af því að fræ af þekktum,

góðum kvæmum var ófáanlegt. Þess vegna er það fagnaðarefni þegar tré sem vaxið hafa vel á Íslandi blómstra og bera fræ. Slíkt gerðist í fyrra þegar sitkagreni á Suður- og Vesturlandi bar meira fræ en áður hefur þekkt og mikið fræ náðist af góðum kvæmum.

Í vor sem leið var mikil blómgun á lerkis í Hallormsstaðaskógi eftir langan og staðviðrasaman vetur. Engin slæm vorfrost komu eftir að blóm lerkisins sprungu út og voru menn vongóðir um að eitthvert fræ fengist nú af lerkis ef sumarið yrði sæmilegt. Sumarið varð svo sæmilegt á Héraði og fyrstu haustfrost ekki hörð.

Sem lið í norrænu vefjaræktarverkefni tók Snorri Baldursson, sérfræðingur hjá Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mó-

gilsá, fræsýni af lerkis í Hallormsstaðaskógi til að ná úr þeim óþroskuðu kími. Kom þá í ljós að 10-15% fræja voru fyllt með fræhvítu og kími, og því líkleg til að spíra.

Þetta er nægilega hátt spírunarhlutfall til þess að það borgi sig að safna fræi af bestu lerkikvæmunum. Í október hófust starfsmenn Skógræktar ríkisins á Hallormsstað og starfsmenn Héraðsskóga handa við að tína lerkiköngla og náðu á skömmum tíma 100 kg af könglum af tveimur bestu kvæmunum, Arkhangelsk og Raivola. Krufning fræja leiddi í ljós að um 24% fræja af kvæminu Raivola voru fyllt. Þetta er hærra hlutfall en við höfum áður séð á Íslandi og telst gott t.d. miðað við óhreinsað fræ úr finnskum frægörðum.

Lerkis er ekki eina tegundin sem ber mikið fræ á þessu hausti. Óvenju mikið fræ er á birki á Norður- og Austurlandi og hefur miklu verið safnað af því. Einnig var talsvert fræ á fjallapini og fjallapölli í Hallormsstaðaskógi.

Próstur Eysteinnsson, fagmálastjóri
Skógræktar ríkisins

Verðlauna- getraun Laufblaðsins



Hérna birtist laufflétt jólagetraun, sem allir eiga að geta svarað eftir að hafa lesið Laufblaðið. Dregið verður úr réttum lausnum og nöfn 20 heppinna þátttakenda birt í vorblaði Laufblaðsins.

Vinningarnir eru glæsilegir:

1. vinningur 50,000 kr. plöntuúttekt
- 2.-5. vinningur 20.000 kr. plöntuúttekt
- 6.-10. vinningur 10,000 kr. plöntuúttekt
- 11.-20. vinningur Skógræktarbókin og skógræktarbolur

1. Hver eftirtalinna trjátegunda er algengasta íslenska jólatréð?
 - a. Rauðgreni
 - b. Nordmannspínur
 - c. Svartgreni
 - d. Eðlalgreni
2. Hvar er mest höggvið af íslenskum jólatrjám ?
 - a. Mórudalur
 - b. Skorradalur
 - c. Hamradalur
 - d. Jólalandið
3. Til að tryggja það að rauðgreni-jólatréð haldi barrinu langt fram í janúar er gott að:
 - a. dansa reglulega í kringum jólatréð
 - b. heita á jólasveininn
 - c. saga sneið neðan af trénu og stinga því í sjóðandi vatn
 - d. hengja það ófugt upp í stofunni

Klippið svarseðilinn út úr Laufblaðinu og sendið útfylltan fyrir 1. febrúar 1996 til:

Skógræktarfélags Íslands
Ránargötu 18
101 Reykjavík

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Sími: _____

ALP
BÍLALEIGAN

Aðalfundur á Egilsstöðum



Orri Hrafnkelsson, formaður Skógræktarfélag Austurlands, gróðursetur eitt af fjórum hlyntrjám sem Skógræktarfélag Íslands færði félaginu að gjöf í þakklætisskyni fyrir móttökurnar á Héraði. Mynd: J.G.P. (S.Í.).



Þegar sólin braust fram úr skýjunum var lagið tekið í laut í Eyjólfsstaðaskógi. Mynd: A.Sn. (S.Í.).



Davíð Oddsson forsætisráðherra „innsiglar“ 20 m lerkitré. Mynd: S.Bl., 1995.

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands var haldinn á Egilsstöðum dagana 1.-3. september sl. Fundurinn, sem haldinn var í Menntaskólanum á Egilsstöðum, er einhver hinn fjölmennasti, sem haldinn hefur verið enda hefur Fljótshérað upp á ýmislegt að bjóða í skógræktarlegu tilliti umfram aðra landshluta. Mjög fróðleg erindi voru flutt á fundinum, m.a. rakti Halldór Þorgeirsson, sérfræðingur á RALA, niðurstöður af svokölluðu Kanadaverkefni, samstarfsverkefni í rannsóknum á alaskaösp þar sem fylgst er með umhverfisþáttum og hvernig þeir breytast með uppvexti asparinnar. „Skógarjaðrar“ hét næsta erindi en þar fjallaði Sigurður Blöndal fyrrv. skógræktarstjóri um þróun og stefnu sem uppi hefur verið um útlit og mótnun nýmarka. Sérfræðingarnir Ingvi Þorsteinsson, Snorri Sigurðsson og Ása L. Aradóttir sögðu frá niðurstöðum könnunar á útbreiðslu og ástandi birkiskóglendis á landinu. Fjöl margar ályktanir voru samþykktar á fundinum eins og endranær. M.a. var ályktað um að snúa vörn

í sókn varðandi landgæði á Reykjanesi en friðunarmál þar eru í ólestri enn þann dag í dag. Landleysi er farið að standa skógræktarfélagum á SV-landi fyrir þrifum og því brýnt að Reykjanesið verði alfriðað sem allra fyrst. Ályktað var um notkun alaskalúpínu til landgræðslu og skógræktar og síðast en ekki síst samþykkti fundurinn ályktun þar sem lýst var yfir þungum áhyggjum af áformum um breytingar á stöðu Rannsóknastöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá.

Skógræktarfélag Austurlands bauð gestum og fulltrúum í skoðunarferðir, m.a. var eignarland félagsins í Eyjólfsstaðaskógi skoðað. Segja má að hápunktur aðalfundarins hafi verið heimsókn fundarmanna í Hallormsstaðaskóg þar sem Davíð Oddsson forsætisráðherra tók þátt í athöfn í tilefni af mælingu á fyrsta tré á Íslandi, sem er hærra en 20 m, en þetta er lerkitré í svokölluðum Guðrúnarlundi, gróðursett 1938. Taldi Davíð augljóst að vaxtafótur trjána stæði öruggari fótum en hagvöxturinn.

Það tekur aðeins einn



virkan dag

að koma póstinum þínum til skila





PÓSTUR OG SÍMI
Yð spörum þér spóris

Skógræktar- dagurinn 12. ágúst

Skógræktardagurinn sem skógræktarfélagin stóðu fyrir þann 12. ágúst sl. þótti takast með miklum ágætum. Ein 37 skógræktarfélag stóðu fyrir kynningu og dagskrá víðs vegar um land. Dagurinn var öðrum þræði haldinn í tilefni af náttúruverndarári Evrópu 1995 og var merki náttúruverndarársins afhent gestum og má af því ráða að um 4500 manns hafi heimsótt skógræktarfélagin.



Í Hermannslundi við Hól mavík hélt Skógræktarfélag Strandasýslu skógræktardag. Þar var mættur „Strandavíðirinn“ sjálfur. Hér er hann að afhenda glímudrottningunni verðlaun, en keppt var í glímu í Hermannslundi. Eins og sjá má eru verðlaunin vefræktað úrvallsbirki. Mynd: Jóhann Björn Arngrímsson.

Lagt af stað í skógargöngu á skógræktardaginn í Höfðaskógi í landi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Mynd: A.Sn. (S.Í.).



Dagskrá einstakra skógræktarféлага var fjölbreytt og með ýmsu móti. Fáni var víðast hvar dreginn að hún klukkan 14:00 og lúðrar þeyttir. Ræður voru víða haldnar og má nefna að meðal ræðumanna í Fossselskógi í S.-Þingeyjarsýslu var landbúnaðar- og umhverfisráðherra, Guðmundur Bjarnason. Boðið var upp á gönguferðir með leiðsögn valinkunnra manna sem gerðu skógarreitum, umhverfi þeirra og náttúru ítarleg skil; m.a. voru sumstaðar kallaðir til sérfræðingar í fuglalífi, sveppum og flóru landsins. Brugðið var á ýmskonar leiki fyrir börn, t.d. ratleiki, en þeir fólust m.a. í því að finna mola í trjánum eða skóginum, skollaleiki, getraunir o.fl. skemmtilegt eða eins og stóð í einni dagskránni „leiki eins og afi og amma léku sér í þegar þau voru krakkar“. Sumstaðar voru veiðiferðir, plöntuhappdrætti og glímumót fór fram á einum stað og svo mætti lengi telja. Eðlilega voru skógrækt gerð skil, leiðbeint var um gróðursetningu og gestir gróðursettu trjáplöntur auk þess sem viðarafurðir voru til sýnis og handverksmenn sýndu afrakstur vinnu sinnar.

Eftir fjölbreytta dagskrá var boðið upp á þjóðlegar veitingar: harðfisk og flatbrauð með hangikjöti og sumstaðar var heitt í kolunum og grillað. Gestirnir teygðu með þessu öl frá Agli en fjölmargir styrktaraðilar gerðu það kleift að taka rausnarlega á móti þessum stóra hóp. Hátt í 60 styrktaraðilar tóku beinan þátt í kostnaði við undirbúning, kynningu og veitingar og eru þá ekki meðtalin þau sveitarfélög og aðrir aðilar sem komið hafa nálægt dagskrá hvers skógræktarfélags en ætla má að sú tala hlaupi á öðru hundraði. Sá velvilji sem hvarvetna kom fram er eftirminnilegur og þakkarverður. Án þessa stuðnings hefði skógræktardagurinn þann 12. ágúst aldrei orðið eins glæsilegur og raun bar vitni.

Á ferð um landið

Eitt af mikilvægustu verkefnum starfsmanna Skógræktarfélags Íslands er að ferðast á milli skógræktarfélaganna, skoða það sem þau eru að gera og í leiðinni fræða og ráðleggja. Félagið hefur líka umsjón með Landgræðsluskögum og gera verður úttekt á gróðursetningum á landgræðsluskógasvæðunum með fárra ára millibili. Starfsmenn félagsins voru mikið á ferðinni sl. sumar og heimsóttu fjölmörg skógræktarfélag og landgræðsluskógasvæði. Margt athyglisvert bar fyrir augu og hér birtum við í myndum og máli sumt af því sem við sáum á ferðum okkar.

1.

Hér stendur Orri Hrafnkelsson við afar fallegan loðvíðisrunna í Jökulsárhlið á Fljótsdalshéraði. Í birkiskógnum í Jökulsárhlið er að finna einhverjar fallegustu loðvíðisbreiður sem Laufblöðungur hefur séð. Mynd: A.Sn. (S.Í.).

2.

Þetta fallega alaskavíðibelti er að finna sunnan við Álfborgina á Borgarfirði eystra. Beltið var gróðursett 1991 og hefur náð 2 m hæð. Klónninn er að öllum líkindum Hríma. Mynd: A.Sn. (S.Í.).

3.

Er þetta lerkí frá Fljótsdalshéraði? Nei ekki aldeilis, myndin er tekin í skógræktargirðingu Skógræktarfélags A.-Skafftellinga í Haukafelli á Mýrum. Þessar tígulegu og hávöxnu rússalerkíplöntur eru aðeins 10 ára og þær hæstu eru orðnar um 4 m að hæð. Mynd: A.Sn. (S.Í.).

4.

Segja má að síðastlíðið ár hafi verið „ár lerkisins“, a.m.k. á Norður- og Austurlandi. Veturinn var harður og nánast án þiðukafla og þegar sumarið loksins kom varð það hlýtt og sólríkt. Lerkíð hefur því sprottið einstaklega vel og unglöntur tekið vaxarkipp. Á Austfjörðum öllum bar lerkíð af í vexti eins og sjá má á þessari mynd sem tekin er á Fáskrúðsfirði. Mynd: A.Sn. (S.Í.).

5.

Patreksfjörður er eitt þeirra bæjarfélaga á Vestfjörðum þar sem lögð er stund á landgræðsluskógrækt ofan byggðarinnar. Skógræktarfélag Patreksfjarðar hefur staðið fyrir gróðursetningunni þar og þegar Laufblöðungur skoðaði aðstæður þar í sumar sannfærðist hann enn og aftur um að góð vinnubrögð eru lykilatriði í landgræðsluskógræktinni. Á Patreksfirði er verið að gróðursetja í nánast jarðvegslausa mosavaxna grjóturð. Hefur verið grafin hola fyrir hverri plöntu og í hana látinn vænn skammtur af húsdýraábúrði og jarðvegi, þar sem plantan hefur síðan verið gróðursett. Hefur meira að segja verið sóttur jarðvegur yfir á Barðaströnd til að setja með plöntunum. Er með sannri hægt að segja að þarna uppskeri menn í samræmi við það sem þeir sá.

Mynd: J.G.P. (S.Í.), 1995.



G.





6. Eitt besta dæmið um vel lukkaðar gróðursetningar landgræðsluskóga getur að líta á Hálsmelum í Fnjóskadal, en það kallast blásnu melarnir norðan Vaglaskógar. Þar var byrjað að gróðursetja árið 1990 og hefur Skógræktardeild Fnjóskdæla séð um gróðursetninguna undir stjórn Sigurðar Skúlasonar skógarvarðar. Árið áður en gróðursett er, hefur verið borinn tilbúinn áburður á svæðið með kastdreifara. Síðan hefur verið gróðursett með gróðursetningarstaf, mest lerki. Þessi aðferð hefur skilað góðum árangri eins og sést á meðfylgjandi mynd, þar sem Þorsteinn Theódórsson verkstjóri stendur inni í lerkigróðursetningu frá 1990. Mynd: J.G.P. (S.Í.), 1995.

SELKIRK SKORSTEINAR (5-14")

MEST SELDU

skorsteinar í heimi,
fyrir heimilið
og sumarbústaðinn

- Ódýrir og vandaðir
- Mjög auðveldir í uppsetningu
- Viðurkenndir af Brunamálastofnun.



Handverk

SÍMI: 587 4117 • FAX: 587 4117
FARSÍMI: 854 1277



Frá Neskaupstað. Mörg húsanna eru horfin í trjáskrúða. Mynd: A.Sn. (S.Í.).

Trjágróður setur mikinn svip á þéttbýlið á Austfjörðum

Víða á Austfjörðum eru garðatré farin að setja mikinn svip á bæina.

Í haust gerðu Aðalsteinn Halldórsson, formaður Skógræktarfélag Neskaupstaðar, og Rúnar Ísleifsson, skógræktarráðunautur á Austurlandi, hæðarmælingar á fjölmörgum trjám í gördum í Neskaupstað og í Hjallaskógi sem er ofan við bæinn.

Hæsta tréð sem þeir mældu var alaskaösp við Hlíðargötu 2 og var hún 14,2 m á hæð.

Margar aspir voru á bilinu 11 til 14 m háar en hæstu tré annarra trjátegunda voru á bilinu 8 til 11 metrar.

Með sanni má segja að margir bæjanna á Austfjörðum séu að fá á sig sama græna yfirbragðið og Akureyri hefur haft um langt skeið. Þetta hlýtur líka að gefa tilefni til að ætla að útivistarskógar í nágrenni þeirra verði hávaxnir og fallegir þegar fram í sækir.

Græðum landið fyrir framtíðina

Áburðarverksmiðjan býr að 40 ára reynslu og þekkingu í framleiðslu áburðar. Þar eru nú framleiddar 16 tegundir af tilbúnum áburði. Auk þess hefur verksmiðjan á boðstólum innfluttan áburð í úrvali.

Stuðlum að því að græða landið fyrir okkur og komandi kynslóðir.



ÁBURÐARVERKSMIÐJAN HF.



Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Héðinn verslun hf.
Sparisjóður véltjóra
Gullkistan
Námsflokkar Reykjavíkur
Menja hf.
Gunnar Guðjónsson hf.
Gerpír sf.
G & G Veitingar hf.
Hótel Loftleiðir
Þjóðleikhúsið
Antikmunir sf.
Kennarasamband Íslands
Á næstu grösum
Reykjavíkurborg - Ráðhúsið
Andrés fataverslun
Osta og smjörsalan
Raflagnateiknistofa Tómasar Kaaber
Rafvakinn sf.
Norræna eldfjallstöðin
Norræna húsið
Makeup forever, Borgarkringlan
Almenna málaflutningsstofan
Glæsiskórinn í Glæsibæ
Barri
Blómaval
Eimskip
Endurvinnslan
Hitaveita Reykjavíkur
Hitaveita Suðurnesja
Ísól
Landsvirkjun
Rannsóknarráð Íslands Skógrækt
ríkisins Skógræktarfélag
Reykjavíkur Umbúðamiðstöðin
Vöruflutningamiðstöðin
Gagnaeyðir
Johan Rönnung hf.
Salathúsið hf.
Eggert Kristjánsson hf. Vinnuskóli
Reykjavíkur
Apótek Austurbæjar
Öryrkjabandalag Íslands
Stofnlánadeild landbúnaðarins
Nýherji hf.
Rakarastofa Jóns Þórhallssonar
Vesturbæjar Apótek
Aðalhreinsun
Skúli H. Norðdahl
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen
Fasteignasalan Borgir hf.
Aseta hf.
Náttúruvörur
Fiskbúðin Stjórnufiskur
Hönnun hf. verkfræðistofa
Albón og þvottur
Fönn hf.
Samiðn
Nings
KPMG - Endurskoðun hf.
Guðmundur Kristinsson hf.



Skriðull víðir úr Arnarfirði



Arnfirski víðirunninn er skriðull og sérlega fallegur í steinhæðir. Hér sjást þeir Snæbjörn Árnason, barnabarn hans og Runólfur Ingólfsson formaður Skógræktarfélags Bildudals.
Mynd: J.G.P. (S.Í.), 1995.

Íslensku víðitegundirnar gulvíðir, grávíðir og loðvíðir geta kynblendast og verða þá oft til hin sérkennilegustu afbrigði. Hafa sum þeirra náð vinsældum og má nefna strandavíði og brekkuvíði í því sambandi.

Á ferð Laufblöðungs á Bildudal í sumar rakst hann á einn slíkan blending ættaðan innan úr Arnarfirði. Víðirinn varð á vegi Snæbjörns Árnasonar frá Bildudal, sem tók af honum græðling og kom til. Plöntuna gróðursetti hann síðan utan í steinvegg í garðinum sínum, þar sem hún hefur vaxið síðan. Eins og sést á myndinni er víðirinn skriðull og hefur í gegnum árin breitt veru-

lega úr sér. Teljum við hjá Laufblaðinu að þetta sé blendingur gulvíðis og loðvíðis. Væri áhugavert að rækta þetta afbrigði upp á fleiri stöðum á landinu og sjá hvernig það spjaraði sig. Þetta skriðula vaxtarform gæti hentað vel í ýmskonar garðrækt, svo og til landgræðslu á erfiðum stöðum.

Einnig vekur þetta spurningar um leit að heppilegum afbrigðum íslensks víðis. Erfðafræðilegur fjölbreytileiki er greinilega mikill innan víðiflórunnar. Góður árangur ræktunar strandavíðis og brekkuvíðis sýnir að ef vel er að gæð, finnast ýmsir spennandi kynblendingar.

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Smur- & dekkþjónusta Breiðholts
Nói-Sírius
Íslenska útvarpsfélagið hf.
Starfsmannafélag Vatnsveitu Rvk.
Uppdæling hf.

Nuddskóli Rafns
Frimerkjasala Pósts og síma
Eggja- & kjúklingabúið
Seðlabanki Íslands
Júmbó samlokur
Fjölföldun

Rakarastofan Neðströð 8
ALP bílaleiga

Kokkurinn við kabyssuna
Toyota

Morgunblaðið
Grensásbakari
Silfurtún hf.

Tækniþjónusta Einars Einarssonar
Fjarðarpósturinn hf.
Ragnar Björnsson hf.
Vatnsskarð hf.

Nýja fatahreinsunin
Anna og Nína sf.

Starfsmannafélag ÍSAL
Spennubreytar

S.P. smiðjan

Verslunin hjá Önnu

Bókasafn Reykjanesbæjar

Hjalti Guðmundss. byggingaverk.

Teppahreinsun Suðurnesja

Víkurás

Keflavíkurverktakar

Verzlunarmannafélag Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sparisjóðurinn í Keflavík

Vélstjórafélag Suðurnesja Sæunnur hf.

Rafið hf.

Brunnar hf.

Ísfugl

Borgarnesbær

Ferðaþjónustan Snjóféll

Mjólkursamlagið, Búðardal

Dalakjör hf.

Trésmiðjan Megin hf.

Fóðuriðjan, Ólafsdal

Rörtækni hf.

Gunnvör hf.

Sparisjóður Bolungarvíkur

Frosti hf.

Patreksapótek

Bílaverkstæði Guðjóns

Geir og Óli sf.

Útgerðarfélagið Tálkni

Verkalýðsfélag Hólmavíkur

Kaupfélag Vestur-Húnavtinga

Höfðahreppur

Fjölbrautaskólinn, Sauðárkróki

Kaupfélag Skagfirðinga

Hólahreppur

Útgerðarfélag Akureyringa



Rit um erlendar trjátegundir í Hallormsstaðaskógi

Í haust kom út mjög vandað og viðamikili rit um innfluttar trjátegundir í Hallormsstaðaskógi. Höfundur þess er fyrrverandi skógræktarstjóri Sigurður Blöndal og útgefandi Skógrækt ríkisins.

Ritið, sem er 56 bls. og prýtt fjölda litmynda, er eitt viðamesta rit sem gert hefur verið um einstakt skóglendi hér á landi. Fjallað er um 70 tegundir trjáa sem gróðursettar hafa verið á Hallormsstað en skógurinn og nýmarkirnar bæði fyrir innan og utan birkiskóginn þekja um

1.850 ha lands. Án efa hafa verið gróðursettar á þessu svæði flestar tegundir trjáa hér á landi en þær eru skráðar um 80 og af þeim 620 kvæmi eða klónar.

Allir skógræktarmenn, bæðir leikir og lærðir, ættu að komast yfir ritið, sérstaklega þeir sem ætla að heimsækja Hallormsstað en þeir munu eftir lestur ritsins verða fróðari um skóginn og sögu hans og hafa meiri ánægju af því að skoða hinar fjölmörgu tegundir sem þar vaxa.




ÁRBÆKUR FERÐAFÉLAGSINS



Einstök heimildarit um landið

Efni árbókanna nær til flestra landshluta. Þær eru fróðleg lesning fyrir Íslandsferðir og ómissandi ferðafélagi.

Árbókin 1995 er 68. árbók Ferðafélagsins. Árgjaldið er kr. 3.200 og er árbókin innifalin. Hún ber heitið „Á Hekluslóðum.“
Fæst einnig innbundin fyrir 500 kr. aukalega.



A pika. myndungrada



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6, 108 Reykjavík
sími 568 2533

GERIST FÉLAGAR

*og njótið afsláttar
af gistingu í 32 sælubúsum
auk annarra fríðinda.*

Vefplöntur til sölu á Mógilsá

Rannsókn- og þróunarverkefni í vefjarækt sem kynnt var í Laufblaðinu fyrir ári og staðið hefur á Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá undanfarin þrjú ár er nú á lokastigi.

Reynsla af vefræktuðum plöntum er ennþá lítil. Vöxtur birkis, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur fengið til framhaldsræktunar, hefur verið afar misjafn eftir klónum en bestu klónar hafa vaxið með ágætum. Vefplöntur af reyniviði sem Skógræktarfélag Reykjavíkur fékk vorið 1994 hafa dafnað vel og sama má segja um vefplöntur af blæösp sem Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk til framhaldsræktunar vorið 1993.

Síðasta stig verkefnisins er að koma út til gróðrarstöðva, skógræktarféлага og sveitarféлага því efni sem best hefur gefist með því að bjóða þeim til sölu vefræktaðar plöntur og ögræðlinga.

Nú eru í rækt á Mógilsá yfir 60 klónar af völdum trjám af birki og reyniviði víða að af landinu, auk íslenskra blæasparklóna. Mikil-



Vefplöntur af birki í ræktun hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í Fossvogi. Mynd: S.Ba.

vægt er að pantanir á plöntum eða ögræðlingum fyrir næsta sumar berist sem fyrst og eigi seinna en fyrir árslok.

Rannsóknastöðin er einnig tilbúin að reyna fjölgun á sérvöldum lauftrjám ef fyrir því er áhugi en afgreiðslufrestur á slíku efni yrði um eitt ár.

Nánari upplýsingar um sölu vefplantna veitir Púriður Yngvadóttir í síma: 5666014.

Snorri Baldursson
sérfræðingur, Mógilsá

Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu blaðsins og óska landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.



Höfi hf.
Kjarnafæði hf.
H.G. gæðavörur
Baugsbrot sf.
Kartöflusalan, Svalbarðseyri hf.
Sæplast hf.
Bændasamtök Íslands
Reykjalundur
Trausti hf.
Keramikverkstæði Kolbrúnar Ólafsd.
Hrseyjarhreppur
Blómabúðin Björk
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
Húsavíkurkaupstaður
Raufarhafnarhreppur
Þórshafnarhreppur
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Verkalýðsfélag Fljótisdalshéraðs
Þvottatækni hf.
Hótel Bjarg
Gámar hf.
Skinney hf.
Verslunin í Nesjum
Ferðaþjónustan Stafafelli, Lóni
Hótel Edda, Kirkjubæjarklaustri
Sjafnarblóm
Trésmiðja Sigfúsar Kristinssonar
Verslunin Ingólfur
Sigurbára hf.
Gámaþjónusta Sorphirðunnar
Blómakunst hf.
S.B.S.hf.
Hóþferðabílar Guðm. Tyrfinngssonar
Trésmiðjan Samtak ehf.
Grímsneshreppur
Félagsheimilið Borg
Hótel Geysir
Ferðaþjónusta bænda, Súluholti II
Dvalarheimilið Ás
Ölfushreppur
Humarvinnslan hf.
Portland hf.
Margull hf.
Verslunin H-sel
Laugardalshreppur
Þórður Guðnason
Hjólbarðaverkstæði Björns J.
Kökuval
Landgræðsla ríkisins
Kvenfélagið Eining
Jón og Tryggvi
Bólstrun Kjartans
Ferðaþjónusta bænda, Geirlandi
Fosshestar
Hagur hf.
Skaftárhreppur
2-P hf.
Sparisjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin sf.
Páll Zophoníasson, teiknistofa
Flugfélag Vestmannaeyja
Vöruval hf.
Eyjaleið, Flugþjónusta Magnúsar
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Fræðsluefni fyrir grunnskóla

Á þessu hausti var gefið út fræðsluefni sem ætlað er nemendum og kennurum í grunnskólum sem taka þátt í gróðursetningu trjáplantna. Námsefnið samanstendur af nemendabók, verkefnabók og kennarahefti en auk þessa fylgir prentaða efninu myndband sem heitir Verðlaunatréð.

Brýn þörf hefur verið á gerð efnis af þessu tagi en tugir skóla og þúsundir nemenda taka þátt í gróðursetningu á hverju ári. Skógræktarfélag Íslands fékk Íslandsbanka til liðs við sig til að standa straum af kostnaði við útgáfuna og ber að þakka þann mikla skilning og stuðning sem bank-

inn hefur sýnt í verki. Höfundur prentaða textans er Vilmundur Hansen garðyrkjufræðingur og kennari en Rannveig Jónsdóttir myndlistarkennari myndskreytti.

Efnið fjallar í meginatriðum um plöntur, vaxtarskilyrði þeirra, birki og skógrækt en auk þess fylgja fjölmörg verkefni sem nemendur eiga að vinna.

Myndbandið framleiddi Andrá hf. en í því er á léttan og leikandi hátt sagt frá viðskiptum þriggja ungmenna við skrýttinn kall sem kennir þeim að gróðursetja tré eftir að þau hafa fyrir klaufaskap eyðilagtré verðlaunatréð hans.



Við tókur á myndbandinu síðastliðu sumar. Mynd: J.GP (S.Í.).



AST

HÚN VINNUR ÞAR SEM ÞÚ VINNUR

AST fistölván
lætur þig um að velja
stund og stað til starfa.
Hún ferðast með þér
hvert sem er
- físlétt, lípur og hraðvirk



EJS

EINAR J. SKÚLASON HF
Grensásvegi 10, 108 Reykjavík, Sími 63 3000

PEANNA



HÖPFERÐAMIDSTÖÐIN hm

Þegar aðrar bækur fara fyrir ofan garð og neðan




...hafðu þá þessa við höndina

Í bókinni

- eru inngangskaflar þar sem m.a. er fjallað um nafngiftir plantna, ræktun, fjölgun og umhirðu garðblóma, jarðveg, áburð, safnhauga, skjól í gördum, sólreiti, blómabeð, steinhæðir og steinbeð, plöntuval í blómabeð, sumarblóm, lauk- og hnýðisjurtir, grasflatir og blómaengi
- er fjallað um 61 ætt burkna, tvíkjambólðunga og einkimblómunga
- er fjallað um tæplega 400 ættkvíslir og einblómnum þeirra lýst
- er fjallað um nokkuð á annað þúsund tegundir garðblóma og auk þess fjölmörg afbrigði þeirra, tilbrigði og sortir
- eru yfir 600 litmyndir af garðblómum í íslenskum gördum
- eru íslenskar og latneskar skrár yfir öll plöntunöfn
- eru m.a. skrár yfir steinhæðaplöntur, skuggþolnar plöntur, hávaxnar plöntur, blaðfagrar plöntur, sígrænar plöntur, vor- og síðblómstrandí plöntur, þekju- og klifurplöntur og skrár yfir plöntur eftir blómálitum, t.d. plöntur með hvítum blómum, rauðum eða bláum
- er umfjöllun um langflestar tegundir, afbrigði og sortir garðblóma sem reynd hafa verið í íslenskum gördum og gefið hafa góða raun.



ÍSLENSKA
BÓKAUTGÁFAN



Tilnefnd til íslensku
bókmennta verðlaunanna

Íslensku Garðblómabókinni eftir Hólmfríði A. Sigurðardóttur er ætlað að bæta úr brýnni þörf, því að nú eru 15 ár frá því að sambærileg, íslensk bók kom út.

Á þessum 15 árum hafa miklar breytingar orðið á garðblómflóru landsins. Þessi bók kemur þeim breytingum til skila til almennings og í henni er fjallað um öll algengustu garðblóm í gördum landsmanna.